

Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2021

SJÚK2MS05

Kennari	Sigríður Rós Jónatansdóttir; sigridur.jonatansdottir@fss.is
Viðtalstími	Mánudagar 13:05-14:00 eftir samkomulagi
Námsefni	Efni frá kennara og efni af vefnum sem vísað er í sérstaklega í tengslum við efnið
Áfangalýsing	Í áfanganum er fjallað um þróun sjúklegra breytinga í mannlíkama frá frumulöskunum til sjúkdóma í líffærakerfum. Viðbrögðum frumna og vefja við álagi er lýst og hlutverki samvægisferla í viðhaldi heilbrigðis. Fjallað er um grundvallarhugtök í meinafræði eins og ónæmisviðbrögð, viðgerðarferli og vefjadrep. Fjallað er um sýkingar, erfðir og æxlisvöxt og tengsl umhverfisáhrifa og sjúklegra breytinga í líkama. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðamöguleikar algengra sjúkdóma í stoðkerfi, taugakerfi og þekjukerfi eru teknir til umfjöllunar. Latneskt nafngiftakerfi í meinafræði og sjúkdómafræði er útskýrt.

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. <i>Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum</i> getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem lokaekinnun í áfanganum: Færri en 10 fjarvistir í raunmætingu og vetrareinkunn 7,5 eða hærri. Einnig að nemendur standi skil á öllum verkefnum/prófum sem getið er í áætlun þessari sem og tímaverkefnum		
	Símatsáfangi <input type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>	Sleppikerfi <input checked="" type="checkbox"/>
	Heiti		Vægi
	Tímaverkefni		10%
	2 Kaflapróf 10% hvert		20%
	4 moodle próf 5% hvert		20%
	Lokapróf		50%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
---------------	---

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Heimavinna	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. moodlepróf	12 klst.	12 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		100klst. = 5 fein*

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans • mikilvægi samvægis fyrir heilbrigði líkamans • þróun sjúklegra breytinga í líkama • viðbrögðum frumna, vefja, líffæra, líffærakerfa við álagi og samvægestruflunum • algengum sýkingum í mannlíkama og einkennum þeirra • samspili umhverfis-og erfðabátta í sjúkdómsþróun • flokkun, hegðun og frumorsökum æxlisvaxtar • áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi • fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma-og meinafræði • latneskum nafngiftum í meinafræði og sjúkdómafræði 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans • bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum • bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannlíkama • gera grein fyrir samspili umhverfis-og erfðabátta í sjúkdómsþróun • útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar • gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi • nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma-og meinafræði • nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði • nota viðurkennda hjúkrunarskráningu.
	
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans • bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum • bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannlíkama • gera grein fyrir samspili umhverfis-og erfðabátta í sjúkdómsþróun • útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar • gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi • nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma-og meinafræði • nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði 	

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 20. - 27. ágúst	1. hluti Mannslíkaminn - samvægi	
2. vika 30. ágúst -3. sept.	2. hluti. Sjúkdómar - kynning	
3. vika 6. - 10 september	2. hluti. Sjúkdómar - kynning	
4. vika 13. - 17. september	2. hluti. Sjúkdómar - kynning	Moodlepróf 1 10. sept
5. vika 20. - 24. september.	3. hluti Bólguferlið	
6. vika 27. sept. - 1. október	4. hluti ónæmi Sjálfsnæmi - sýkingar	
7. vika 4. -8. október	4. hluti ónæmi Sjálfsnæmi - sýkingar	Moodlepróf 2 8. október
8. vika 11. – 15. október	5. hluti Smitsjúkdómar	Kaflapróf úr hlutum 1-4 15. október
9. vika 18. - 22. október vetrarleyfi.	6. hluti Sjúkdómar í stoðkerfi	
10. vika 25. – 29. október	6. hluti Sjúkdómar í stoðkerfi	
11. vika 1. - 5. Nóvember	7. hluti Sjúkdómar í taugakerfi	Moodle próf 3 29. okt
12. vika 8. - 12. nóvember	7. hluti Sjúkdómar í taugakerfi	
13. vika 15. -19. nóvember	7. hluti Sjúkdómar í taugakerfi	
14. vika 22. - 26. nóvember	8. hluti Sjúkdómar í þekjukerfi	Moodlepróf 4 27. Nóvember
15. vika 29. nóv. - 3. desember	8. hluti Sjúkdómar í þekjukerfi	Kaflapróf 2, 4. desember

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sigríður Rós Jónatansdóttir